



samband
íslenskra
framhaldsskólanema

Ársskýrsla 2022-2023

Ávarp forseta SÍF

Kæru framhaldsskólanemar, takk fyrir viðburðaríkt og gefandi starfsár. Félagið hefur sjaldan haft jafn mikið af verkefnum á borði sínu og þetta síðastliðna starfsár. Veturinn byrjaði með hörku þar sem fyrsta verkefni stjórnar var að bregðast við og vinna í sambandi við kynferðisbrot í framhaldsskólum. Sáum við strax fram á að mikil vinna væri fyrir höndum stjórnar og hófst hún strax. Vinna hófst strax við sameiginlega viðbragðsáætlun, ásamt ráðuneyti, og er hún nú á loka metrunum í vinnslu. Einnig hélt SÍF fundinn “Viðbrögð og viljinn til breytinga” sem haldin var á Hilton fyrir skólameistara og ráðuneytið.

Stærsta verkefnið sem síf stóð á bak við þetta starfsár eins og svo mörg önnur var Söngkeppni framhaldsskólana sem haldin var í Hinu húsinu þann 1. apríl síðastliðinn. Upphaflega var áætlað að halda keppnina í Kaplakrika en vegna óviðráðanlegra atburða þurfti að færa hana um stað stuttu fyrir keppni. Hún gekk þó með sóma og gengu allir sáttnir frá borðinu að lokum.

Alþjóðastarf félagsins var með sterkasta móti og var farið í margar ferðir þetta starfsárið. Meðal annars var farið til Svíþjóðar á “The youth thing” sem var haldið af Nord, nýju Norðurlandasamstarfi. Hluti stjórnar fór einnig á viðburði hjá “Same Network”, þar bæði á actival og kynningarfund á starfinu. Förlinn hjá SÍF var einnig heitið á aðalþing Obessu sem haldið var í kaupmannahöfn í júlí. SÍF er aðildarfélag obessu sem eru samtök nemendafélaga á framhaldsskólastigi í Evrópu.

Einnig voru mörg hagsmunarmál sem komu á borð stjórnar þetta árið og voru þau öll leyst með sóma.

Að lokum vil ég þakka Stjórn Síf 2022-2023 fyrir einstakt samstarf og góða vináttu á erfiðum tímum sem auðveldum. Okkur tókst þetta saman og ekkert nema þakklæti sem situr eftir í samstarfinu okkar á milli. Takk fyrir mig elsku SÍF.

Andrea Margrétardóttir Jónsdóttir
Forseti SÍF 2022-2023

Ársskýrsla SÍF 2022 - 2023

Samband íslenskra framhaldsskólanema, SÍF, var stofnað árið 2007 við sameiningu lönneasambands Íslands og Hagsmunaráðs íslenskra framhaldsskólanema (áður Félag framhaldsskólanema).

Sambandið var stofnað með það að leiðarljósi að standa vörð um hagsmuni allra framhaldsskólanema óháð námsleið, bóknáms, - iðn, -og verknema.

SÍF er hagsmunasamtök allra framhaldsskólanema á Íslandi, um 20.000 nemenda. Aðild að SÍF eiga 33 nemendafélög, í 32 framhaldsskólum, og sem slíkt er það kröftugt þrýstiafl í samfélaginu og helsti tengiliður nemenda við stjórnvöld.

Samtakamáttur nemenda er mikill þegar mikið liggur við og leggur SÍF áherslu á að skapa vettvang fyrir þá til að hittast, ræða málin, taka ákvarðanir og láta rödd sína heyrast. Í gegnum SÍF eiga nemendur fulltrúa í ýmsum ráðum og nefndum á vegum ríkisins og víðar þar sem fjallað er um málefni er varða framhaldsskólanema. Með þeim hætti gætir SÍF hagsmuna nemenda í þeim ákvörðunum sem teknar eru um þeirra málefni.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð sjö framhaldsskólanemum eða ný-útskrifuðum nemum og er kosin til tveggja ára í senn á aðalþingi sem haldið er í september ár hvert. Framkvæmdastjórn fundar að jafnaði aðra hverja viku á skrifstofu félagsins, þar eru ákvarðanir teknar og rætt um þau erindi sem berast.

Framkvæmdastjórn 2022 - 2023 skipuðu:

Andrea Margrétardóttir Jónsdóttir, Menntaskólinn við Hamrahlíð- Forseti

Aníta Sóley Scheving, Menntaskólinn við Hamrahlíð- Varaforseti

Rakel Jóna Ásbjörnsdóttir, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti- Verkefnastjóri

Róbert Dennis Solomon, Verzlunarskóli Íslands- Margmiðlunar og fræðslustjóri

Salka Sigmarsdóttir, Verzlunarskóli Íslands- Gjaldkeri

Stefán Ingi Víðisson, Menntaskólinn á Ásbrú- Alþjóðafulltrúi

Valgerður Eyja Eypórsdóttir, Verzlunarskóli Íslands- Hagsmunastjóri

Seta í ráðum og nefndum

SÍF á fulltrúa í fjöldan öllum af ráðum og nefndum á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og víðar. Þar sem fundir þessara hópa eru iðulega haldnir á skólatíma og til að tryggja samfellu þekkingar og upplýsinga tilnefnir stjórnin gjarnan starfsfólk til setu í þeim fyrir hönd félagsins.

- Stjórn Menntasjóðs námsmanna - Katrín S. Kristjana Hjartardóttir framkvæmdastjóri og varamaður Salka sigmarsdóttir gjaldkeri.
- Fulltrúi SÍF í LUF er Andrea Jónsdóttir forseti og varafulltrúi Aníta Sóley Scheving varaforseti SÍF.

Skrifstofa og starfsfólk

Skrifstofa félagsins hefur verið frá stofnun verið til húsa í Hinu húsinu, ungmennahúsi Reykjavíkurborgar, sem er nú staðsett að Rafstöðvarvegi 7-9 í Elliðaárdal. Þar er góð aðstaða til að funda, bæði fyrir framkvæmdastjórn en einnig fyrir fjölmennari fundi líkt og sambandsstjórnarfundi.

Þetta starfsár starfaði Katrín S. Kristjana Hjartardóttir sem framkvæmdastjóri í 100% stöðu fram í maí. Í lok ágúst 2023 var Þórdís Anna Gylfadóttir ráðin í 60% vinnu sem verkefnastjóri sambandsins.

Alþjóðastarf

Það var mikið að gera í alþjóðadeildinni hjá SÍF þetta starfsárið en stjórnin sótti sjö mismunandi ráðstefnur í fimm mismunandi löndum. Starfsárið byrjaði á því að Andrea forseti fór út á ráðherrafund til Brussel á vegum OBESSU. Þar mætti hán ásamt litlum hópi af ungum aktivistum frá Evrópu í Evrópuráðhúsið í Brussel og ræddi þar málefni sem snerta við okkur öllum. Þar á eftir fóru Andrea og Aníta, forseti og varaforseti, út til Osló á ráðstefnu á vegum Nordic Welfare Centre. Yfirheiti ráðstefnunnar var „Lýðræði ungmennafélaga“. Á ráðstefnunni voru kynntar mismunandi stjórnsýslur norðurlandanna þegar kemur að samráði stjórnvalda og ungmennafélaga/ráða. Noregur kom hvað best út úr þessum niðurstöðum og Ísland, Grænland og Færeyjar hvað verst. Ferðinni var aftur heitið til Brussel þegar Stefán Ingi og Bartosz, alþjóðafulltrúi og eftirlitsmaður stjórnar, fóru á Level Up í Evrópuþinghúsinu. Rúmlega 1200 ungir aktivistar sóttu ráðstefnuna frá allri Evrópu þar sem þau fengu að heyra fyrirlestra frá mögnum fyrirlesurum sem að sögðu sögur af þeirra baráttu og aktivistma. Level up veitti einnig frábæran vettvang fyrir ungmenntu til þess að tengjast og byggja upp tengslanet. Aðeins fjórum dögum eftir heimkomu fóru þeir Stefán og Bartosz aftur út ásamt 10 öðrum frá Íslandi, en þá var ferðinni heitið til Svíþjóðar á The Youth Thing. Ráðstefnan var haldin af NUBF sem er sameiginlegt norðurlandasamstarf ungmennafélaga og voru 7 meðlimir úti á vegum SÍF í gegnum Landssamband ungmennafélaga, LUF. The youth thing var þriðja ráðstefnan sem var haldin af sinni tegund en sú fyrsta var haldin í Danmörku árið 2021 og sú seinni í Útey í Noregi árið 2022 þar sem SÍF átti þrjá meðlimi. Allar eiga þessar ráðstefnur það sameiginlegt að þær snúast fyrst og fremst um það að koma ungmönnum frá norðurlöndunum saman til þess að ræða málefni sem að snerta við okkur öllum. Ráðstefnunar eru einnig stútfullar af fræðandi fyrirlestrum og pallborðsumræðum. Fimmta ferðin þetta starfsárið var síðan til Þýskalands á Act.ival á vegum SAME, dagana 3-8. maí og fóru Stefán og Bartosz fyrir hönd SÍF. Act.ivalið er alltaf jafn skemmtilegt en við fórum þó nokkur frá stjórn SÍF þangað í fyrra. Act.ival er haldið af SAME sem eru samtök staðsett í Þýskalandi og standa fyrir einn alþjóðlegan dag þar sem að framhaldsskólanemendur fara út á vinnumarkaðinn í stað þess að mæta í skólann. Fyrirtækin sem að taka við nemendum greiða svo „styrk“ í staðinn fyrir laun í sameiginlegan sjóð sem að samtökin nota svo til þess að niðurgreiða ungmennaverkefni á alþjóðavísu. SAME notar Act.ivalið til þess að koma meiri athygli á samtökin og á það frábæra verkefni sem þau standa fyrir og er Act.ivalið því stútfullt af fyrirlestrum ásamt skemmtilegri viðburðum til þess að draga sem flesta að. 25-28. maí var ferðinni síðan aftur heitið til Þýskalands en þá fóru Róbert og Aníta, meðstjórnandi og varaforseti, út á Solidarity Action Day start up seminar. Á námskeiðinu var farið yfir grunnatriði Solidary

Action Day (SAD), hvernig og af hverju sambandið ætti að taka upp verkefnið hér á landi. Þátttakendur bjuggu til framkvæmdaáætlun um hvernig þau geta innleitt verkefnið í þeirra samtökum. Þetta er í annað sinn sem að SÍF sækir þetta námskeið en við sóttum þetta einnig í Desember 2021. Síðasta ferðin var svo til Danmerkur en þar var aðalþing OBESSU haldið í ár. SÍF átti eitt sæti á aðalþingi OBESSU sem haldið var 7-10. júlí. Hefðin er að alþjóðafulltrúi eða forseti fari á aðalþing OBESSU en þar sem þau komust hvorugt á þessum tíma fór Rakel, meðstjórnandi, fyrir hönd SÍF út til Danmerkur og sinnti því mjög vel þrátt fyrir stuttan fyrirvara. En á aðalþinginu var farið yfir alls kyns málefni eins og ný aðildarfélög, breytingartillögur um árgjaldið að OBESSU og margt fleira. Tvö ný samtök fengu fulla aðild að OBESSU á þinginu og ákveðið var að breyta árgjaldinu ekki neitt í ár.

Viðbragðsáætlun vegna kynferðisbrotamála

Í október barst SÍF eitt mest krefjandi verkefni sem sambandið hefur tekið að sér. Eftir mótmæli nemenda vegna skorts á viðbragðsáætlun við kynferðisbrotamála, þá einkum í garð þolenda, tók við umfangsmikil vinna með ráðuneytinu og fagfólki að búa til sameiginlega viðbragðsáætlun um kynferðisbrotamál. Í kjölfarið hélt síf í samstarfi við ráðuneytið fund fyrir skólastjórnendur sem bar heitið “Viðbrögð og viljinn til breytingar” þar sem komu fram kröfur nemenda og hver næstu skref skyldu vera í málunum, gekk fundurinn með sóma. Við tók mikil vinna að fara eftir kröfum nemenda og koma rödd þeirra að borðinu og er endanleg útgáfa skýrslunar komin vel á veg en ekki er búið að gefa hana út. Í framhaldinu var gerður samstarfssamningur við Eygló Árnadóttir, kynjafræðing.

Sameining framhaldsskóla

Tilkynnt var í maí um að sameina ætti skóla á landinu en þessar upplýsingar voru gefnar út af starfshópi í ráðuneytinu. SÍF gagnrýni þessa ákvörðun aðallega vegna skorts á aðkomu og röddum nemenda í þessari vinnu. Í kjölfar þess að tilkynnt var um sameiningu Kvennó og MS boðaði tilmótmæla fyrir utan mennta og barnamálaráðuneytið og þess krafist að nemendur fengju sæti við borðið í þessari ákvarðanatöku.

Mín framtíð

SÍF tók þátt í verkefninu “mín framtíð” sem er kynning fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla fyrir framhaldsskóla. Verkefnið er rekið af verkið þar sem þar fór einnig fram keppni í iðn- og verkgreinum. Viðburðurinn er haldinn annað hvert ár í Laugardalshölinni og mun síf koma til með að kynna starf sitt þar áfram. Sambandið var með bás þar sem kynnt var starf sambandsins fyrir tilvonandi framhaldsskólanemum og fékk það góðar undirtektir.

Söngkeppnin

Söngkeppnin 2023 var haldin á vegum SÍF. SÍF stefndi að halda stóra keppni og sameiginlegt ball til að verða að ósk sambandsstjórnar SÍF. SÍF skipulagði að keppnin og ballið myndi vera haldið í Kaplakrika. Miðasala fyrir keppnina og ballið stóð ekki undir sér.

Stuðningsbankinn

stuðningbankinn er heimasíða sem SÍF heldur úti og bjó til sem sýnir aðgengismál í framhaldsskólum landsins á öllum sviðum. Á þessu starfsári bætist við jafnréttisdálkur á síðuna sem sýnir jafnrétti í skólanum.